

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 12. desember 2007, kl. 12:00 í fundarherbergi Norræna hússins.

Mætt voru: Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir, Vilhjálmur Árnason og Salvör Nordal.

1. Vilhjálmur Árnason setti fundinn og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Hann bauð Harald Briem sérstaklega velkominn, en hann hefur verið skipaður af Háskólaráði í stað Páls Hreinssonar, sem gaf ekki kost á sér áfram. Stjórnin skipti því næst með sér verkum og var Vilhjálmur einróma kosinn formaður stjórnar.
2. Rætt um stjórnskipulega stöðu stofnunarinnar. Formaður og forstöðumaður gerðu grein fyrir því hvernig mál hefðu þróast á árinu. Þau áttu fund með forystu Hugvísindadeildar í júlí þar sem rætt var um að stofnunin færi undir deildina. Þá sótti forstöðumaður fundi með öðrum stofnunum sem heyra undir Háskólaráð, en hjá þeim stofnunum er lítil áhugi á að færast undir deildir. Loks skýrðu formaður og forstöðumaður frá fundi, sem þau voru að koma af, með forystu Hugvísindadeildar þar sem ræddir voru möguleikar Siðfræðistofnunar innan deildar. Á fundinum kom fram að á þessu stigi væri lítið hægt að segja til um það hvernig staða stofnunarinnar, frekar en annarra stofnana innan deildar, verði á hinu nýja Hugvísindasviði. Mótun sviðsins verði verkefni næsta árs og þar með að skilgreina stöðu rannsóknastofnana. Í framhaldi þessa fundar gerði formaður það að tillögu sinni að óskað yrði eftir því við deild að Siðfræðistofnun færist undir Hugvísindadeild á þessu fjárhagsári og sent yrði svohljóðandi bréf:
Stjórn Siðfræðistofnunar samþykkti á fundi sínum í dag að fara þess á leit við Hugvísindadeild að stofnunin verði færð undir deildina (og síðar fræðasvið hugvísinda), og verði ein af rannsóknarstofnunum hennar frá og með fjárhagsárinu 2007. Siðfræðistofnun heyrir nú beint undir Háskólaráð.
Stjórnarmenn samþykktu tillöguna einróma. Deildarfundur verður haldinn í næstu viku og góðar líkur á að þessi ákvörðun verði afgreidd af Háskólaráði fyrir jól.
3. Rætt um breytingar á stöðu forstöðumanns. Stjórn stofnunarinnar samþykkti milli funda breytingar á skilgreiningu starfs forstöðumanns sem hefur það í för með sér að það er nú skilgreint með rannsóknaskyldu, enda hefur starfið bæði tekið miklum breytingum á síðustu árum og núverandi forstöðumaður fengið hæfnisdóm fyrir lektorsstarf. Þessi breyting hefur verið samþykkt af Háskólaráði og auglýst í stjórnartíðindum. Þá óskaði forstöðumaður eftir því að hann fengi að taka út námsleyfi í tvo mánuði á næsta vormisseri sem hún á inni og er í framhaldi af fyrri beiðni. Stjórnin samþykkti beiðnina.
4. Nordforsk-styrkir. Samstarfsneti sem Siðfræðistofnun leiddi í 5 ár er formlega lokið og uppgjör hefur farið fram. Stofnunin fékk styrk frá Nordforsk fyrir að halda framhaldsnemanámskeið í tengslum við ráðstefnu ESMPH í Tartu í ágúst á næsta ári.
5. Rannís-verkefni. Verkefnið fékk framhaldsstyrk á þessu ári að upphæð 3.6 milljónir. Fundur er fyrirhugaður í janúar þar sem niðurstöður verða kynntar m.a. úr fókushópum.

6. Fyrirlestrar og málþing. a) Róbert H. Haraldsson hélt fyrirlestur um bókina *Leitin að tilgangi lífsins* þann 3. janúar s.l. þar sem einnig var afhentur styrkur í nafni Viktors Frankl. b) Málstofa var haldin á Hugvísindapíngi í mars um persónuvernd í tengslum við fyrirhugað greinasafn sem kemur út í ritröðinni siðfræði og samtími. 3) Ráðstefna var haldin í Skálholti í september, í samstarfi við stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir yfirskriftinni *Nordic Civilization in the Medieval World*. Margra styrkja var aflað og tókst ráðstefnan í heild mjög vel. d) haldnir hafa verið nokkrir fundir í verkefningu gildismat og velferð barna í neytlusamfélagi nútímans og meðal annars hittist samstarfshópurinn í Skálholti 27.-28. apríl. Fyrirhugað er málþing um efnið í byrjun janúar.
7. Afmælisár Siðfræðistofnunar. Stofnunin var sett á laggirnar haustið 1988 og því eru 20 ár frá stofnun hennar næsta haust. Rætt um hvernig halda ætti uppá þessi tímamót. Rætt var um að halda veglega fyrirlestraröð á starfsárinu 2008-9 þar sem siðfræðin væri tengd úrlausnarefnum í samtímanum.

Fundi slitið kl. 14:00

S.N.